

**Tilkynning
frá Stangaveiðifélagi Akraness um sölu veiðileyfa 2004**

Aðalsöludagur veiðileyfa verður laugardaginn 28. febrúar n.k og fer fram að Suðurgötu 108. Þeir sem ætla að fá veiðileyfi, draga númer frá kl. 11-12 og verða leyfin afgreidd eftir þeim númerum kl. 14 sama dag. Mánudagin

1. mrs kl. 20-21,30 verða óseld veiðileyfi seld félagsmönnum á skrifstofu félagsins að Suðurgötu 108. Eftir það verða þau einnig boðin utanfélagsmönnum. Félagar þurfa að velja sér veiðifélaga og ber að nafngreina þá og veiðiá áður en númer er dregið og dregur einn fyrir sig og sína veiðifélaga. Fjarstöddum félögum er heimilt að gefa öðrum leyfi til að draga fyrir sig. Skylt er að greiða árgjald áður en dregið er.

Ákveðið hefur verið að gefa félagsmönnum kost á gjaldfresti á 50% keypta veiðileyfa. Ef veiðileyfi verða ekki leyst út fyrir 15. júní er stjórninni heimilt að ráðstafa þeim til annara. Veiðileyfi verða seld eftir sömu reglu og áður, þannig að menn hafi frjálst val í þeirri röð sem afgreiðslunúmer segir til um, séu þeir mættir er sala hefst og kemur að þeirra númerum.

Í Fáskrúð eru 2 stangir á dag að undanskildum þrem partíum þar sem eru þrjár stangir á dag. Í Fáskrúð eru 2 dagar seldir saman út á nöfn tveggja félagsmanna. Þar hefst veiði kl. 16,00 komudag (kl. 15,00 eftir 15. ágúst) og lýkur kl. 13 heimfarardag. Í Laxá er seld ein og ein stöng út á eitt nafn félagsmanna. Skyldufæði er í Laxá á haustdögunum og er verð þess innifalið í stangarverðinu. Þar hefst veiði kl. 07 og lýkur kl. 21

Á laxasvæðinu í Andakilsá eru stöku dagarnir seldir með báðum stöngunum út á nöfn tveggja félagsmanna, og sama gildir um það, þegar tveir ðagar eru seldir saman. Á flestum stöku dögunum hefst veiði kl. 07 og lýkur að kveldi og má koma í húsið kvöldið fyrir veiðidag, en þar sem tveir ðagar eru seldir saman hefst veiði kl 16,00 komudag (kl. 15,00 eftir 15. ágúst) og lýkur kl. 13,00 heimfarardag. Einnig eru nokkrir stakir ðagar seldir með sama fyrir komu lagi þ.e. að veiði hefst kl. 16 (15) og lýkur kl. 13 daginn eftir.

Salan á silungasvæðinu er frjáls og verður í boði á söludegi. Trúlega mun bærinn Ausa sími 437-0044 898-8044 annast sölu fyrir okkur, en það er ekki endanlega frágengið þegar þettað er skrifað. Nýtt veiðihús með heitum potti og öllum viðleguútbúnaði er til afnota fyrir veiðimenn á silungasvæðinu, húsið er staðsett við bæinn Skeljabrekku

Í Glerá er ein stöng á dag og hefst veiði þar kl. 07 að morgni og lýkur að kveldi. Heimilt er að koma í veiðihúsið kvöldið fyrir veiðidag.

Ef ágreiningur kemur upp um ofanskráðar reglur áskilur stjórnin sér rétt til að skera þar úr í hverju tilfelli. Ens og undanfarin ár mun Ólafur G. Ólafsson hjá Sjóv-Almennum, sími 431-2800 annast sölu veiðileyfa eftir áðurnefnda söludaga.

Verðskrá
Stangaveiðifélags Akraness 2004

Fáskrúð

Andakílsá

Stangaf.	dagar	verð á st. á dag	Stangaf.	dagar	verð á st. á dag
2	júní 30.-2. júlí	kr. 19,900	2	22.jún.	kr. 14,900
x2	2.-4.	" "	x2	26.	" " 19,400
2	4.-6.	" "	2	jún.30.-1.júl.	" 23,900
x2	12.-14.	" "	2	1.-2.	" " 23,900
2	14.-16.	" "	2	x8.-10.	" " 29,400
2	<u>16.-18.</u>	" "	2	16.-18.	" " 34,900
x2	24.-26.	" "	2	24.-26.	" " 34,900
2	26.-28.	" "	2	1.-3.ágúst	34,900
3	<u>28.-30.</u>	" "	2	x9.-11.	" " 34,900
2	5.-7.ágúst	" 27,700	2	19.-20.	" " 29,900
2	7.-9.	" " 27,700	2	x20.-21.	" " 29,900
3	9.-11.	" " 27,700	2	25.-26.	" " 23,900
2	<u>17.-19.</u>	" " 27,700	2	x26.-27.	" " 23,900
2	19.-21.	" " 27,700	2	2.-3.sept."	23,900
x3	21.-23.	" " 27,700	x2	<u>3.-4.</u>	" " 23,900
2	29.-31.	" " 26,400	2	½ 10.	" " 9,700
2	ág.	31.-2.sept.	" 24,500	2	11. " " 19,400
2	2.-4.	" " 23,600	2	15. " " 16,400	
2	10.-12.	" " 21,100	2	19. " " 16,400	
2	12.-14.	" " 20,000	x2	23. " " 13,400	
2	14.-16.	" " 18,700	x2	27. " " 13,400	

Laxá í Leirársveit

Glerá

23. júní 4 st. kr. 23,000 (ekki fæði)
 11.sept. 6 " " 28,500 m/fæði
 12.sept. 6 " " 28,500 m/fæði

júlí 26.-1.ág.1st á dag kr. 11,400
 ág. 23.-29." 1 " " " kr. 11,400

Verð á silungsleyfum í Andakílsá eru frá kr. 2,000 til kr. 5,500